

Mál nr. 17/2011

Ár 2011, mánudaginn 10. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 17/2011

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar og helstu málsatvik

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 3. október 2011 er farið fram á að siðanefnd fjalli um og úrskurði vegna ágreinings sem risið hefur um endurgjalds rakkatolls. Í kærinni er rakið samkomulag sem gert var við kærðu Y eiganda tíkarinnar XX sem pöruð skyldi við rakkann YY í eigu kærða Y, um það hvernig háttað skyldi greiðslu fyrir rakkatollinn. Samkomulagið var í aðalatriðum þannig að endurgjaldið skyldi nema einu hvolpsverði ef hvolpar yrðu 4 eða fleiri í væntanlegu goti annars kæmi ekki til greiðslu fyrir rakkann. Hundarnir eru af tegundinni íslenskur fjárhundur. Pörun fór fram 22. nóvember 2010 og fæddust 4 heilbrigðir hvolpar 23. janúar 2011. Er kom að uppgjöri fyrir rakkatollinn lagði tíkareigandi fram kröfu um að eigandi rakkans tæki þátt í kostnaði við gotið og skyldi sá kostnaður dreginn frá greiðslu fyrir rakkatollinn. Eigandi rakkans hafnaði þessu og náðust ekki sættir um uppgjör.

II. Forsendur

Hlutverk siðanefndar er tilgreint í 26. gr. laga félagsins sem er svohljóðandi:

„Siðanefnd er ætlað að gæta þess að félagsmenn HRFÍ hafi í heiðri lög um dýravernd, lög HRFÍ og þær grundvallarreglur sem HRFÍ hefur sett sér varðandi meðferð hunda, hundarækt og sölu hunda og úrskurða í málum þeirra aðila sem taldir eru hafa brotið gegn reglum og markmiðum félagsins eða unnið gegn því á einhvern hátt innan félags eða utan.”

Samkvæmt orðalagi ákvæðisins er siðanefnd þannig einungis falið að fjalla um mál þar sem grunur leikur á að félagsmenn hafi gerst brotlegir við lög og reglur félagsins. Siðanefnd telur að ágreiningur milli félagsmanna um fjárhæðir vegna hvolpasölu heyri ekki undir verksvið nefndarinnar. Í málinu er ágreiningur um þátttöku eiganda rakka í kostnaði vegna gots.

IV. Niðurstaða

Kærinni er vísað frá nefndinni.

f.h. siðanefndar

sign:

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir